

Stjórnarfundur Prentsöguseturs 7.11 2019

Fundarstaður: Prentsögusetur, Laugavegi 29, 101 Reykjavík

Mætt: Heimir, Hjörtur, Haukur Már, Þorsteinn, Sófus, Svanur og Katrín

PSS opnun á Laugavegi: Búið er að kaupa skjá fyrir fundar og myndasýningar, það á bara eftir að koma honum upp. Rætt var um að þróa opnun seturs á Laugavegi með því að bara opna. Hugmynd um form og tíma opnunar var ræddur. Tvær hugmynd komu upp, hugmynd nr. 1: hafa opið eftir hádegi á laugardögum. Sérstakar opnanir fyrir hópa. Listaháskólinn hefur sýnt áhuga á því að koma inn með námskeið. Hugmynd nr. 2: hefja viðræður við Svavar Brynjólfsson sem á og rekur Bókakjallarann upp á annari hæð um samvinnu. Seinni hugmynd lagðis vel í stjórn og var ákveðið að ræða málið við Svavar. Svavar er þekkir vélakostinn og sögu setursins vel.

Hvernig á að rukka inn? Hugmynd er komin um 500 kr. Það er samþykkt af stjórn.

PSS Skálholt: Skálholt er í biðstöðu og ekki biðstöðu. Kirkjumálasjóður er búin að samþykkja óbeint að greiða reikning sem kom frá verkfræðistofu, ef þeir borga hann ekki þurfum við að ganga til samninga við stofuna.

Ekki er hægt að halda áfram fyrr en komið er leyfi frá kirkjumálasjóði, eignasafni þjóðkirkjunnar. Peningur er að skornum skammti og því hefur verið tafist.

Björn G. Björnsson kom með útprentuð eintök af hugmynd um nýtingu rýmis og tillögur að því hvernig sýningin getur litið út í Skálholti. Hann óskaði á sama tíma eftir því að við myndum setjast niður og gera samkomulag um áframhaldandi samstarf. Við ætlum að hitta hann, finna flöt á samningi, sem í framhaldi verður lagður fyrir stjórn.

Geymsla/gámar: Það er mikið af smáhlutum að safnast, þeir hafa verið settir jafnóðum í gámana. Ekki er vitað hvenær við þurfum að fjarlægja gáma úr porti á Köllunarklettsvegi. Við höfum áhyggjur af því að þurfa að fjarlægja gáma á skömmum tíma, því þarf að undirbúa flutninga á þeim og hvar á að koma þeim fyrir. Um leið og gámar verða fluttir þarf að tæma það sem er í geymslu í húsnæði kassagerðarinnar, sem nú eru ornar 6 stórar vélar.

Ætlum að skoða hvort gámar geti farið til Skálholts. Á ætlun er að hafa samband við Kristján og skoða möguleika um staðsetningu gáma. Frekari umræður og niðurstaða verður rædd þegar búið er að ræða málið við Kristján. Samþykkt.

Fjármál: Farið yfir stöðu reikninga. Innistæða á reikningi er 916.000.-. Útgjöld þessa mánaðar er 79.000.- í húsaleigu á Laugarvegi, 54.000.- fóru í sjónvarpsskjá og wifi pung. Fjölgað hefur jafn og þétt í félaginu, í dag eru 181 skráðir félagsmenn og af þeim hafa 177 greitt félagsgjöld.

Önnur mál:

- Búið er að kaupa skjá og wifi pung, stjórn samþykkti kaup.
- Erum komin með stafræna vél sem Baldvin Heimisson gaf setrinu, vélin er í nothæfu standi.
- Málfríður Finnbogadóttir og Björn G. Björnsson ætla að safna gögnum um sögu prentsins hjá Rúv. Þessi vinna er unninn í sjálfboðastarfi.

Næsti fundur verður fimmtudaginn 21. nóvember kl. 11:00.

Fundi slitið.